

SKÓLASKRIFSTOFA
HAFNARFJARÐARStrandgötu 31
220 Hafnarfjörður

Opin mán.-fös. kl. 8-16.

Sími: 585 5800.

skolaskr@hafnarfjordur.is

RITSTJÓRN - SKRIF

Vigfús Hallgrímsson
þróunarfulltrúi grunnskóla
vigfus@hafnarfjordur.is

MARKMIÐ ÚTGÁFU

Að miðla upplýsingum til starfsfólks í grunnskólum Hafnarfjarðar, foreldra og annarra um skólamáli í Firðinum og skólaþróun. Þeir sem vilja koma upplýsingum í blaðið eru beðnir að senda tölvupóst á vigfus@hafnarfjordur.is. Þá eru vel þegnar ábendingar um það sem betur má fara.

DREIFING

Blaðinu er dreift með tölvupósti (pdf-snið) til starfsfólks skóla í grunnskólum Hafnarfjarðar, fulltrúa foreldra o.fl. Stefnt er að vikulegri útgáfu (með leyfilegum forföllum) á starfstíma skóla. Útgáfudagar eru föstudagar. Blaðið er 2 síður í A-4 stærð.

GRUNNSKÓLAR
HAFNARFJARÐAR

Í Hafnarfirði eru starfandi níu grunnskólar. Skólarnir eru:

- Áslandsskóli.
www.aslandsskoli.is
- Engidalsskóli.
www.engidalsskoli.is
- Hraunvallaskóli.
www.hraunvallaskoli.is
- Hvaleyrarskóli.
www.hvaleyrarskoli.is
- Lækjarskóli.
www.laekjarskoli.is
- Setbergsskóli.
www.setbergsskoli.is
- Víðistaðaskóli.
www.vidistadaskoli.is
- Öldutúnsskóli.
www.öldutunsskoli.is
- Barnaskóli Hjallastefnunnar
www.hjalli.is/sk7610

SKÓLASKRIFSTOFA
HAFNARFJARÐAR

Skólavefritið

6. ÁRGANGUR, 11. TBL.

6. NÓVEMBER 2009

Nemendafjöldi og íbúapróun í Hafnarfirði

Haustið 2009 eru grunnskólanemendur með lögheimili í Hafnarfirði alls 3.889. Í grunnskólum bæjarins eru nemendur 3.732 í haust í 178 bekkjardeildum. Fyrir ári síðan voru nemendurnir 3.723 í 184 bekkjardeildum. Meðalbekkurinn í ár er 21,7 nemendur en var í fyrra 20,6 nemendur.

Sé horft til síðustu fjögurra ára hefur nemendum í grunnskólum bæjarins fjölgað um 2,8%. Á sama tíma hefur bæjarbúum fjölgað um 18%. Grunnskólanemendur eru



rétt tæplega 15% íbúa bæjarins nú frá því að vera 17-18% þeirra fyrir örfáum árum.

Flestir nemendur eru nú í Hraunvallaskóla eða 586, þá Öldutúnsskóla, 530. Þar á eftir koma Áslandsskóli með 494 nemendur og Setbergsskóli með 491 nemanda. Í Víðistaðaskóla eru 446 nemendur, Hvaleyrarskóla 442 nemendur og fæstir nemendur í grunnskólum bæjarins eru í Engidalsskóla eða 259. Nemendur í Barnaskóla Hjallastefnunnar eru 90 í vetur í 1.-4. bekk. Þess utan eru tæplega 80 nemendur í skólum utan bæjarins, þ.e. einkaskólum, sérskólum og í skólum öðrum sveitarfélögum.

Margmiðlunarsamkeppninni ýtt úr vör

Margmiðlunarsamkeppni Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar er sett í gang nú í þriðja skipti. Eftirfarandi reglur gilda um keppnina:

- Hvert margmiðlunarverkefni skal vera frumsamið fyrir keppnina og fjalla um sjálfvalið þema. Margmiðlunarverkefni getur verið kvikmynd (3-5 mín.), tölvuleikur, vefefni eða annað þar sem blandað er saman texta, myndefni og/eða tali. Margmiðlunarverkefninu skal skila á algengu tölvusniði (eða vera á vefsíðu) til keppinnar.
- Verkefnum skal skila á tölvudiski í (eða vera vistað á vefnum þar sem vefsíðin er gefin upp) lokuðu umslagi, ásamt nafni höfunda(r), til

Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar, Strandgötu 31, 220 Hafnarfjörður, merkt MARGMIÐLUNARSAMKEPPNI. Skilafrestur er til 30. apríl árið 2010.

- Keppnin er eingöngu ætlað nemendum í 8.-10. bk. í



Skólaþróun

grunnskólum Hafnarfjarðar.

- Allt efni skal vera frumsamið af höfundum, þ.e. texti, myndir og tal. Nota má tónlist frá öðrum í verkefni en tónlistin verður að vera notuð samkvæmt íslenskum ákvæðum um höfundarrétt.
- Leyfilegt er að fleiri en einn höfundur sé að hverju margmiðlunarverkefni.
- Heimilt er að senda inn fleiri en eitt verkefni eftir sama höfund.
- Dórnafnd á vegum Skólaskrifstofu metur innsend verkefni og eru veitt allt að þrenn verðlaun.





FRÉTTIR

Tilkynningar og fréttaskot um það sem er á döfinni

» Frá Námsgagnastofnun: **Sögueyjan 1. hefti 870–1520** er kennslubók í sögu fyrir miðstig og unglingastig grunnskóla og er líka komin út sem hljóðbók til niðurhals. Sömu leiðis er kennsluleiðbeiningar komnar út fyrir bókina. **Sögueyjan** er fyrsta bókina af þremur í bókaflóknum **Sögueyjan** sem Námsgagnastofnun gefur út. Ritróðinni er ætlað að spanna Íslandssöguna frá landnámi til okkar tíma. Meginmarkmið bókarinnar er að varpa ljósi á íslenskt samfélag frá landnámi til loka miðalda.

Árið 1918 er þemahefti í sögu sem ætlað er unglingastigi. Á vef Námsgagnastofnunar eru kennsluleiðbeiningar og hugmyndir að verkefnum með heftinu. Árið 1918 eftirminnilegt í sögu Íslendinga. Það hófst með miklum frosthörkum strax í janúar sem þrengdu verulega kost þjóðarinnar, Katla gaus um haustið og spænskan veikin herjaði landsmenn í kjölfarið og Ísland varð fullvalda ríki undir lok þess árs, 1. desember.



Símenntun sem sjálfsnám fagfólks

Símenntun er á margan hátt kjarninn í fagmennsku flestra fagstétta, ekki síst fagstétta sem annast kennslu. Símenntun getur verið margs konar, formleg eða óformleg, sem staðnám eða fjarnám/dreifnám. Fyrir fagmenn eins og kennara er símenntun siðferðileg skylda í starfi til að gera sig hæfari til að þjóna skjólstæðingum sínum.

Einn möguleiki í símenntun fagfólks er sjálfsnám. Þar

getur lestur faggreina og hugmyndagreina um skólastarf nýst kennurum og öðru fagfólki sem starfar í skólakerfinu. Er hér bent á einn möguleika í slíku sjálfsnámi en það eru greinar í veftímaritinu **Netla** sem gefið er út af menntavísindasviði HÍ (áður KHÍ). Þótt áður hafi verið bent á ritið hér er rétt að benda aftur á það, m.a. að þar birtist reglulega nýtt efni um margvislega þætti skólastarfs.



Símenntun

Netla er opið veftímarit og aðgangur er ókeypis. Það miðar fyrst og fremst að því að miðla upplýsingum til starfsfólks í íslenska skólakerfinu og þeirra sem vinna að rannsóknum á því.

Ef áhugi þinn er á sjálfsnámi þar sem efni má vera á erlendum tungumálum er sérstaklega bent á vefinn Hvar.is. Þar hafa Íslendingar aðgang að miklu magni af fræðiefni, m.a. rannsóknum á skólastarfi í fjölmörgum tímaritum.

Tilkynning vikunnar

Það styttest í dag íslenskrar tungu og afmælisdag Jónasar Hallgrímssonar en það er 16. nóvember nk. Þann dag hefst formlega Stóra upplestrarkeppnin í 7. bekkjum, eitt öflugasta þróunarverkefni í grunnskólum landsins á síðustu árum. Henni lýkur með hátíð í Hafnarborg þann 23. mars 2010.

Næsta blað Skólavefritsins er væntanlegt föstudaginn 13. nóvember 2009

Netla



Veftímarit um uppeldi og menntun Háskóli Íslands - Menntavísindasvið

VEFSLÓÐ: <http://netla.khi.is/>



Vefhornið

Námskeiðahaldið í næstu viku

Mánudagur 9. nóvember:

- Námskeið 301, **Grunnámsskeið í myndvinnslu (Paint.Net)**, í Menntasetrinu við Lækinn kl. 15-17. Þriðji tími af fjórum.
- Námskeið 402, **Félagsfærni barna á einhverfurófi**, í Menntasetrinu við Lækinn kl. 15-16.30. Fyrri tími af tveimur.

Fimmtudagur 12. nóvember:

- Námskeið 303, **Linux stýrikerfið til kennslu og stjórnunar**, í Lækjarskóla kl. 16-19. Þriðji tími af fjórum.

VEFSLÓÐ: http://www.hafnarfjordur.is/hafnarfjordur/stjornsysla/fraedslusvid/skolaskrifstofa/fraedslustarfsemi_skolaskrifstofu/

FRÉTTABRÉF SKÓLASKRIFSTOFU HAFNARFJARÐAR: SKÓLAÞJÓNUSTA GRUNNSKÓLA